

**REGLUGERÐ****um sérstakt tímabundið vörugjald.****I. KAFLI****Sérstakt vörugjald.****Almenn ákvæði.****1. gr.**

Greiða skal í rikissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendirar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal greitt í tveimur gjaldflokkum samkvæmt ákvæðum 2. gr. Við vöruflokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

**2. gr.**

Gjald skv. 1. gr. skal greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

- A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald:

03.01.11	08.12.01	11.02.32	17.03.09
04.06.00	08.12.02	11.04.00	17.04.01
04.07.00	08.12.03	11.05.01	17.04.03
05.13.00	08.12.09	11.05.09	17.04.04
06.02.01	08.13.00	11.08.01	17.04.05
06.02.09	09.03.00	11.08.02	17.04.06
06.04.01	09.04.00	11.08.03	17.04.09
06.04.09	09.05.00	11.08.09	18.06.04
07.02.00	09.06.00	11.09.00	18.06.05
07.03.00	09.07.00	13.03.03	18.06.06
07.04.00	09.08.00	17.01.10	18.06.09
07.06.00	09.09.00	17.01.21	19.02.09
08.01.50	09.10.10	17.01.22	19.03.00
08.01.60	09.10.20	17.01.25	19.04.01
08.01.79	11.01.23	17.01.26	19.04.09
08.03.00	11.01.24	17.02.01	19.05.00
08.04.21	11.01.25	17.02.02	19.07.01
08.04.22	11.02.10	17.02.03	19.07.02
08.10.00	11.02.29	17.02.09	19.07.09
08.11.00	11.02.31	17.03.02	19.08.01

19.08.02	38.19.31	40.14.06	62.05.01
19.08.03	38.19.32	40.14.08	62.05.04
19.08.04	38.19.35	41.06.00	62.05.05
19.08.09	39.01.25	42.03.03	62.05.07
20.01.00	39.01.35	42.05.03	65.01.00
20.02.02	39.01.44	42.06.00	65.02.00
20.02.03	39.01.45	44.03.42	65.07.00
20.02.04	39.01.54	44.03.49	66.01.00
20.02.05	39.01.69	44.04.10	66.02.00
20.02.06	39.01.79	44.04.20	66.03.00
20.02.07	39.01.89	44.09.23	68.03.00
20.02.08	39.01.96	44.09.29	68.04.00
20.02.09	39.02.16	44.13.11	68.06.00
20.03.00	39.02.24	44.13.19	68.07.00
20.04.00	39.02.37	44.22.09	68.08.09
20.05.01	39.02.45	44.25.09	68.10.01
20.05.02	39.02.46	45.02.00	68.12.01
20.05.03	39.02.48	45.03.09	68.12.02
20.05.09	39.02.52	45.04.02	68.14.00
20.06.10	39.02.62	48.05.10	68.16.01
20.06.20	39.02.63	48.05.49	69.04.00
20.07.11	39.02.65	48.07.31	69.05.00
20.07.19	39.02.67	48.07.45	69.07.00
20.07.20	39.02.73	48.07.46	69.08.00
20.07.30	39.02.94	48.10.00	69.09.00
20.07.40	39.03.14	48.11.00	69.10.00
20.07.50	39.03.35	48.12.00	69.11.00
20.07.60	39.03.55	48.13.00	69.12.00
20.07.70	39.03.83	48.15.31	70.11.00
21.07.04	39.04.09	48.15.32	70.12.00
21.07.05	39.05.09	48.21.10	70.14.02
21.07.06	39.06.29	48.21.52	70.15.00
21.07.07	39.07.12	58.01.10	70.16.00
21.07.08	39.07.36	58.01.20	70.17.09
21.07.11	39.07.39	58.02.10	70.18.00
21.07.12	39.07.49	58.02.20	70.20.20
21.07.19	39.07.64	58.02.30	70.20.32
22.01.01	39.07.65	58.02.40	73.10.12
22.02.01	39.07.73	58.02.50	73.10.13
22.02.09	39.07.74	58.02.60	73.10.21
22.03.01	39.07.78	58.02.70	73.17.00
22.03.09	40.08.02	58.02.80	73.18.19
22.10.00	40.09.09	58.02.90	73.18.22
25.01.01	40.11.10	58.03.00	73.18.29
27.08.20	40.11.20	59.02.10	73.20.02
29.04.50	40.11.40	59.06.02	73.20.03
30.03.44	40.11.50	59.08.01	73.20.09
30.05.00	40.11.61	59.10.00	73.23.02
34.07.00	40.11.69	59.11.02	73.24.00
36.02.00	40.12.00	59.11.09	73.25.01
36.04.00	40.13.01	59.12.09	73.25.09
38.14.00		59.15.00	

73.26.00	79.06.01	84.15.32	84.53.40
73.27.01	79.06.02	84.15.41	84.53.50
73.27.02	79.06.03	84.15.42	84.53.60
73.27.09	79.06.05	84.17.10	84.54.10
73.29.02	79.06.09	84.18.12	84.54.20
73.29.09	80.05.00	84.18.13	84.55.10
73.32.00	80.06.02	84.18.21	84.55.21
73.33.00	82.01.09	84.18.22	84.55.29
73.34.01	82.02.00	84.18.29	84.55.30
73.34.09	82.03.10	84.18.31	84.56.10
73.35.09	82.03.20	84.18.39	84.56.20
73.36.11	82.03.30	84.19.10	84.56.40
73.36.12	82.04.00	84.19.21	84.58.00
73.36.13	82.05.00	84.19.31	84.59.20
73.36.14	82.08.00	84.22.19	84.59.50
73.36.20	82.09.01	84.22.21	84.59.82
73.36.30	82.09.02	84.22.29	84.59.89
73.38.11	82.12.01	84.22.39	84.59.91
73.38.12	82.12.09	84.22.41	84.61.03
73.38.19	82.13.01	84.22.49	84.61.04
73.38.23	82.13.09	84.22.50	84.61.09
73.38.29	82.14.00	84.22.69	84.61.12
73.40.47	82.15.00	84.22.79	84.61.13
73.40.56	83.01.01	84.23.10	84.61.14
74.07.09	83.04.00	84.23.21	84.61.15
74.08.00	83.06.09	84.23.22	84.61.19
74.10.00	83.08.00	84.23.29	84.62.00
74.15.00	83.11.00	84.23.30	84.63.03
74.16.00	83.13.04	84.23.40	84.63.04
74.17.00	84.06.39	84.23.50	84.63.05
74.18.10	84.06.70	84.23.61	84.63.06
74.18.20	84.08.31	84.23.69	84.63.07
74.19.06	84.08.39	84.23.70	84.63.09
75.04.00	84.08.41	84.40.10	84.64.00
75.06.02	84.08.49	84.40.21	84.65.09
75.06.03	84.08.60	84.40.50	85.01.10
76.06.09	84.09.00	84.40.61	85.01.29
76.07.00	84.10.10	84.40.69	85.01.31
76.10.01	84.10.20	84.40.71	85.01.39
76.11.00	84.10.39	84.40.72	85.01.40
76.12.00	84.10.49	84.51.10	85.01.59
76.15.10	84.10.50	84.51.21	85.01.60
76.15.20	84.10.69	84.51.29	85.01.74
76.16.04	84.11.19	84.51.31	85.01.80
76.16.13	84.11.29	84.51.39	85.01.89
76.16.15	84.11.30	84.52.10	85.01.90
77.02.00	84.11.49	84.52.20	85.02.00
77.04.20	84.12.00	84.52.30	85.03.09
78.05.00	84.13.09	84.52.40	85.05.00
78.06.09	84.15.10	84.53.10	85.06.11
79.04.00	84.15.20	84.53.20	85.06.19
	84.15.31	84.53.30	85.06.20

85.06.31	85.19.15	90.01.01	90.24.01
85.06.39	85.19.18	90.01.09	90.24.09
85.06.40	85.19.21	90.03.00	90.25.00
85.06.50	85.19.29	90.04.09	90.26.01
85.07.03	85.20.10	90.05.00	90.26.02
85.07.04	85.20.20	90.06.00	90.26.09
85.08.00	85.20.40	90.08.11	90.27.09
85.09.00	85.20.50	90.08.19	90.28.10
85.10.09	85.21.10	90.08.21	90.28.20
85.12.10	85.21.20	90.08.29	90.28.39
85.12.21	85.21.39	90.08.31	90.28.40
85.12.29	85.21.60	90.08.39	90.28.50
85.12.41	85.22.20	90.09.01	90.29.09
85.12.49	85.23.01	90.09.09	91.05.00
85.12.53	85.23.09	90.10.10	91.06.00
85.12.54	85.25.10	90.10.20	92.11.31
85.12.55	85.25.20	90.10.39	92.12.11
85.12.56	85.25.30	90.11.00	92.12.23
85.12.57	85.26.10	90.12.00	92.13.01
85.12.59	85.26.20	90.13.00	93.03.00
85.12.61	85.26.30	90.14.20	93.04.03
85.12.69	85.27.00	90.16.10	94.02.00
85.12.70	85.28.00	90.16.20	96.01.04
85.15.20	87.01.10	90.17.10	96.05.00
85.15.25	87.01.39	90.17.20	96.06.00
85.15.30	87.04.09	90.17.30	97.04.01
85.15.35	87.06.09	90.18.01	97.04.02
85.15.40	87.07.19	90.18.09	97.04.04
85.15.59	87.07.20	90.20.00	97.04.09
85.16.00	87.13.01	90.23.01	97.05.00
85.17.01	87.13.09	90.23.02	97.08.00
85.17.09	87.14.29	90.23.03	98.01.01
85.19.12	87.14.31	90.23.09	98.06.01
85.19.14	87.14.39		

## B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

27.10.82	33.06.08	37.04.00	44.02.00
27.11.11	33.06.11	37.05.09	44.28.95
27.11.19	33.06.12	37.07.01	44.28.99
27.11.20	33.06.19	38.11.10	45.04.09
27.11.30	34.05.03	38.11.20	46.02.03
32.10.00	34.05.09	38.11.30	46.02.09
32.13.20	35.03.09	38.11.40	46.03.09
33.06.01	36.01.00	38.11.50	48.07.59
33.06.02	36.05.00	38.19.49	48.14.01
33.06.03	36.08.00	39.07.30	48.14.02
33.06.04	37.01.09	39.07.99	48.14.03
33.06.05	37.02.02	40.14.19	48.14.09
33.06.06	37.02.09	40.16.09	48.15.20
33.06.07	37.03.09	42.05.09	48.15.39

48.21.29	75.06.09	85.12.30	92.11.40
48.21.39	76.16.19	85.13.10	92.12.19
48.21.69	80.06.09	85.13.20	92.12.29
55.03.01	82.09.09	85.14.10	92.13.09
59.06.09	82.11.01	85.14.20	93.01.00
65.04.00	82.11.09	85.15.19	93.02.00
65.06.09	83.01.02	85.15.60	93.04.04
67.01.00	83.01.05	85.15.79	93.04.05
67.02.00	83.01.09	85.15.81	93.04.09
67.03.00	83.02.03	85.15.82	93.05.00
67.04.00	83.02.09	85.15.89	93.06.00
68.10.09	83.03.09	87.10.00	93.07.10
68.12.09	83.05.09	87.12.09	93.07.22
68.13.09	84.06.31	87.14.10	93.07.29
68.16.09	84.06.32	87.14.49	95.05.00
69.14.00	84.06.33	90.07.29	95.08.09
70.13.00	84.06.40	90.07.39	98.03.00
70.14.03	84.06.51	91.02.00	98.04.00
70.14.09	84.06.52	91.03.00	98.05.00
70.19.00	84.06.53	91.04.00	98.06.09
70.20.39	84.06.61	91.07.00	98.08.00
70.21.09	84.06.62	91.08.00	98.09.00
71.13.01	84.06.69	91.09.00	98.10.00
71.13.09	84.25.11	91.10.00	98.11.00
71.14.09	84.25.19	91.11.00	98.14.00
71.15.00	84.25.51	92.11.10	98.15.00
71.16.00	85.07.02	92.11.20	98.16.00
73.40.59	85.07.09	92.11.39	99.06.00
74.19.09			

## II. KAFLI

### Innflutningur.

#### 3. gr.

Við innflutning gjaldskyldra vara skv. 2. gr. er gjaldið lagt á tollverð vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum og vörugjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980. Skal hið sérstaka vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum innheimt með aðflutningsgjöldum.

Um ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

Gúmmígjald samkvæmt lögum nr. 79/1974, byggingariðnaðargjald samkvæmt lögum nr. 64/1965, jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 78/1980 og sérstakt tímaþundið innflutningsgjald á sælgaeti og kex samkvæmt lögum nr. 66/1980 skulu þó ekki teljast gjaldstofn við útreikning á hinu sérstaka vörugjaldi við innflutning.

#### 4. gr.

Við tollafgretðslu á vöru sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu levti samkvæmt heimildum í 2.—4. gr. tollskrárlaga, þó ekki 6. tl. 3. gr., eða heimildum í sérstökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga skal þó eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal í stað hins herra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður á skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið herra vörugjald.

Af innfluttum vörugjaldsskyldum vörum, sem tollar féllu almennt niður af frá og með 1. janúar 1980 samkvæmt 1. gr. tollskrárlaga, en ráðuneytið hafði fyrir þann tíma fellt sérstaklega niður tolla af samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga í þeim tilvikum þar sem um innflutning á efnivöru var að ræða til nota við framleiðslu á innlendri framleiðsluvöru, skal með sama hætti og verið hefur og að uppfylltum settum skilyrðum samkvæmt viðkomandi heimildum veita undanþágu frá greiðslu vörugjalds. Sama skal gilda um vörugjaldsskyldar vélar, tæki og varahluti sem heimilt var fyrir 1. janúar 1980 að fella niður tolla af samkvæmt reglum þar að lútandi settum samkvæmt sömu heimild.

Reglur um endurgreiðslu tolla af ýmsum efnivörum í útflutningsvörur sem settar eru samkvæmt heimild í 11. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu gilda eftir því sem við geta átt um endurgreiðslu sérstaks vörugjalds af sömu vörum.

Þegar vara er flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og söluskattur er innheimtur við tollafgreiðslu reiknast hið sérstaka vörugjald sem söluskattsstofn.

#### 5. gr.

Innflytjendur og aðrir sem selja hráefni og aðrar efnivörur til innlendra framleiðenda skulu við sölu á vörum sem sérstakt vörugjald hefur verið greitt af við tollafgreiðslu færa söluna á sérstaka sölureikninga eða nótur og tilgreina þar fjárhæð vörugjalds, sbr. 4. mgr. 7. gr.

### III. KAFLI

#### Innlend framleiðsla.

#### 6. gr.

Þær vörur sem taldar eru upp í 2. gr. þessarar reglugerðar og framleiddar eru hér á landi, fá einhverja vinnslumeðferð eða eru pakkaðar í neytendaumbúðir hér á landi eru gjaldskyldar til sérstaks vörugjalds.

#### 7. gr.

Hið sérstaka vörugjald reiknast á verksmiðjuverð. Með verksmiðjuverði er átt við söluverð frá verksmiðju eða framleiðanda án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnaði en að meðtöldu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald. Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða þökkun hér á landi, t. d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða þökkunar vöru, skal verksmiðjuverð teljast jafnt heildarandvirði hennar.

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 24% og 30%, sbr. 2. gr., á 87,45% heildsöluverðsins. Svarar það til 20,99% og 26,24% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umbodis- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

Gjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldra vara frá verksmiðju eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til hinnar gjaldskyldu framleiðslu, sbr. 5. gr.

#### 8. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt þessum kafla eru allir þeir sem framleiða eða pakka hér á landi gjaldskyldar vörur, hvort sem er til sölu eða til eigin nota.

Gjaldskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal greina nafn og heimili rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi semja skrár um alla þá sem hafa með höndum gjaldskylda starfsemi.

#### 9. gr.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu færa gjaldskylda sölu á sérstakar sölunótur eða reikninga.

Nóturnar eða reikningarnir skulu bera greinilega með sér hvort sérstakt vörugjald sé innfalið í heildarfjárhæðinni.

#### 10. gr.

Allir þeir sem innheimta sérstakt vörugjald skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um sérstakt vörugjald.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda hinni gjaldskyldu sölu greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu.

#### 11. gr.

Þeir sem njóta vilja frádráttar frá innheimtu gjaldi af sölu, sbr. 4. mgr. 7. gr., skulu færa það sérstaka vörugjald, sem greitt hefur verið við kaup á hráefnum til gjaldskyldrar framleiðslu, í sérstakan reikning. Niðurstaða þess reiknings færast síðan til frádráttar á skýrslu á þar til gerðu eyðublaði um gjaldskylda sölu á upp-gjörstímabilinu, þar með talin úttekt til eigin nota. Gjaldskylda sölu skal sundurliða eftir vöruheitum og tollskrárnúmerum. Einnig skal tilgreina upplýsingar um frádrátt, sbr. 7. og 11. gr., svo og fjárhæð þess sérstaka vörugjalds sem inna ber af hendi.

#### 12. gr.

Þeir sem skyldir eru að innheimta sérstakt vörugjald og tilgreindir eru á skrá, sbr. 8. gr., skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, það sérstaka vörugjald sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um gjaldskylda sölu á upp-gjörstímabilinu, þar með talin úttekt til eigin nota. Gjaldskylda sölu skal sundurliða eftir vöruheitum og tollskrárnúmerum. Einnig skal tilgreina upplýsingar um frádrátt, sbr. 7. og 11. gr., svo og fjárhæð þess sérstaka vörugjalds sem inna ber af hendi.

#### 13. gr.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1980 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1980 er 1. maí 1980, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1980 er 1. ágúst 1980, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1980 er 1. nóvember 1980 og gjaldadagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1980 er 1. febrúar 1981.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendirar framleiðslu á árinu 1981 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1981 er 1. maí 1981, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1981 er 1. ágúst 1981, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1981 er 1. nóvember 1981 og gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1981 er 1. febrúar 1982.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan fridag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

#### IV. KAFLI

##### Ýmis ákvæði.

###### 14. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Að því leyti sem ekki er ákvæði í reglugerð þessari um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendi framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða þökkun hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10 10. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Um ágreining vegna flokkunar hér umræddra vara til gjaldskyldu skv. 2. gr. skulu þó gilda ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, sbr. 1. málsg. þessarar greinar.

###### 15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33/1980 og lög nr. 80/1980 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1981 og gildir til og með 31. desember 1981. Jafnframt er frá sama tíma úr gildi felld reglugerð nr. 279 24. júní 1980 um sérstakt tímabundið vörugjald og reglugerðir nr. 508/1980 og 535/1980 um breyting á þeirri reglugerð.

*Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1980.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*